



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð nr. 1907/2006 (REACH) og 1272/2008.

Útgáfa: 5.4

Dagsetning: 20. janúar 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

- 1.1. Vörukenni** **NATRÍUMNÍTRÍT**
CAS-númer 76320-00-0
- 1.2. Tilgreind notkun** Efni á rannsóknastofum. Efnasmíði.
- 1.3. Söluaðili** Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000
Netfang: olis@olis.is
Veffang: www.olis.is
- 1.4. Neyðarsímanúmer**
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1.1 Flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008 [CLP]

Flokkun Eldmynd. fast efni 3; H272
Bráð eit. 3; H301
Augnert. 2; H319
Bráð eit. á vatn. 1; H400

2.2. Merkingaratriði

2.2.1 Merkingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008

Hættumerki



Viðvörðunarorð (CLP)

Hættusetningar

Hætta
H272 – Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).
H301 – Eitrað við inntöku.
H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.
H400 – Mjög eitrað lífi í vatni.

Varnaðarsetningar

H210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
H273 – Forðist losun út í umhverfið.
P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífur, andlitshlífur.
P301+P310+P330 – EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni. Skolið munninn.
P337+P313 – Ef augnerting er viðvarandi: Leitið lækni.
P391 – Safnið upp því sem hellist niður.

2.3. Aðrar hættur

Hættur

Sjá lið 12.5 fyrir niðurstöður úr PBT- og vPvB-mati.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.1 Efni

Heiti	Vörukenni	Magn%	CLP-flokkun
Natríumnítrít	CAS#: 7632-00-0 EINECS#: 231-555-9	<=100	Eldmynd. fast efni 3; H272 Bráð eit. 3; H301 Augnert. 2; H319 Bráð eit. á vatn. 1; H400

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	Ef leita þarf læknis, hafið þetta öryggisblað eða merkimiða meðferðis.
Eftir innöndun	Færið viðkomandi í ferskt loft. Ef viðkomandi andar ekki, beitið blástursaðferð. Leitið læknis.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur, einnig undir augnlokum. Leitið læknis.
Eftir snertingu við húð	Farið strax úr fötum og skóm sem óhreinkast af efninu. Þvoið húð strax með sápu og miklu vatni. Leitið læknis.
Eftir inntöku	Aldrei gefa meðvitundarlausum neitt um munn. Skolið munninn með vatni. Leitið læknis.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Einkenni og áhrif Sjá liði 2.2. og 11.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Bráð læknisþjónusta Engin gögn.

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi Vatnsúði, alkóhólþolin froða, slökkviduft, koltvísýringur.

5.2. Sérstök hættu

Myndefni við bruna Engin gögn.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir Notið fersklöftstæki og viðeigandi hlífðarfatnað í bruna (galli, hanskar, andlits- og augnhlífur). Safnið slökkvivatni og fargið á viðeigandi hátt.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Ráðstafanir Notið öndunarhlífur. Forðist rykmyndun. Varist innöndun ryks, gufu, úða eða lofttegunda. Rýmið svæðið. Tryggið næga loftræstingu.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir Komið í veg fyrir frekari leka. Ekki losa í niðurföll eða út í umhverfið.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir við hreinsun Safnið og fargið án þess að mynda ryk. Sópið og mokið í viðeigandi ílát til förgunar. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir Hafið augnskol og öryggissturtur innan seilingar. Tryggið næga loftræstingu. Ekki anda inn ryki, gufu eða úða. Varist snertingu við húð og augu. Haldið fjarri hitagjöfum og íkveikjugjöfum. Reykingar bannaðar.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla Geymið í tryggilega luktum umbúðum á köldum, þurrum og vel loftræstum stað. Efnið dregur í sig raka.

7.3. Sérstök notkun

Notkun Sjá lið 1.2.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

DNEL

Hópur	Íkomuleið	Váhrif	Gildi
Starfsmaður/Neytandi	Innöndun	Langvinn, altæk	1 mg/m ³

PNEC

Ferskvatn: 0,0054 mg/l
Sjór: 0,0223 mg/kg
Ferskvatn, set: 0,0054 mg/kg
Jarðvegur: 0,000733 mg/kg
Skólphreinsikerfi: 1000 mg/l

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Þvoið hendur eftir meðhöndlun, fyrir vinnuhlé og í lok vinnudags..

Til hlífðar höndum	Efnaþolnir, ógegndræpir hanskar sem uppfylla viðurkennda staðla (EN374). Ráðlagt (efni; þykkt; gegnþrengingartími): Nítríl; 0,11mm; 480 mín. Skipta skal um hanska strax og vart verður við slit.
Til hlífðar augum	Þétt hlífðargleraugu og andlitshlíf (EN166).
Til hlífðar húð	Efnaþolinn hlífðarfatnaður.
Til hlífðar öndun	Notið öndunargrímu með síu við rykmyndun. Ráðlögð gerð síu: P3 (EN143). Notið ferskloftstæki ef loftræstingu er verulega ábótavant.
Til hlífðar umhverfi	Ekki losa í niðurföll. Forðist losun út í umhverfið.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1. Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Útlit:	Fast
Lykt	Lyktarlaust
pH-gildi	9
Bræðslumark	271°C
Suðumark	320°C
Eðlisþyngd	2,168 g/cm ³
Gufuprýstingur	<0,0001 hPa við 25°C
Vatnsleysni	820 g/l við 20°C
Deilistuðull	log Pow: -3,699 við 25°C

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin gögn.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við ráðlögð geymsluskilyrði.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg efnahvörf Engin gögn.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Raki.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Ósamrýmanleg efni Sýrur, málmduft, ammóníak, sýaníð, amín, virk kolefni.

10.6. Aðrar hættur

Aðrar hættur Engar upplýsingar.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturhrif

LD50	Inntaka, rotta	157,9 mg/kg
------	----------------	-------------

Húð Ekki húðertandi.

Augu Augnertandi.

Næming Engin gögn.

Krabbameinsv. áhrif Hefur líklega krabbameinsvaldandi áhrif á fólk.

Sértæk eiturhrif á marklíffæri

- váhrif í eitt skipti Engin gögn.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

LC50	Fiskur (oncorhynchus mykiss) 96 klst.	0,94 – 1,92 mg/l
EC50	Halafær (daphnia magna), 48 klst.	12,5 mg/l
NOEC	Þörungur (desmodesmus subspicatus), 72 klst.	100 mg/l

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Þrávirkni og niðurbrot Á ekki við um ólífræn efni.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Engin gögn.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Engin gögn.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Mjög eitrað lífi í vatni.

13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Upplýsingar	Ekki losa út í umhverfið.
Aðferðir	Fargið sérstaklega sem hættulegum úrgangi hjá viðurkenndum förgunaraðila í samræmi við gildandi lög og reglur.
Umbúðir	Fargið óhreinsuðum umbúðum á sama hátt og efninu sjálfu.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Alþjóðlegar reglur

- ADR/ADN/IATA/IACO/IMDG

UN-númer	1500
Rétt sendingarheiti	SODIUM NITRITE
Flokkur	5.1 (6.1)
Pökkunarhópur	III
Merkingar	5.1 + 6.1
Hættuauðkennisnúmer	56
Gangakóði	E
Takmarkað magn	5 kg
Undanþegið magn	E1
Sjávarmengandi	Já
Hættulegt umhverfinu	Já

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá 73/78 og IBC-kóða

Flutningar í búlkum Á ekki við.

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar: H272 – Getur aukið bruna, eldmyndandi (oxandi).

H301 – Eitrað við inntöku.

H319 – Veldur alvarlegri augnertingu.

H400 – Mjög eitrað lífi í vatni.

Skammstafanir: **ADN:** Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

EmS (neyðaráætlun): Fyrri kóðinn vísar til viðeigandi brunaáætlunar og seinni kóðinn vísar til viðeigandi áætlunar vegna efnaleka.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrir sjáanleg.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

ppm: Milljónarhluti.

LC50: Miðgildisbanastyrkur.

LD50: Miðgildisbanaskammtur.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun

Útgáfa

Gert þann

Þýðing og uppsetning

Heimild

20. janúar 2015.

5.4.

28. febrúar 2016.

Reynir Hjálmarsson

Sigma-Aldrich GmbH, eurtechserv@sial.com